



TUNGUTÆKNI

# Samspil tungu og tækni

VERKEFNI Á VEGUM MENNTAMÁLARÁÐUNEYTISINS

# TUNGUTÆKNI

## Samspil tungu og tækni

Ör þróun í tungutækni hefur gert mögulegt að tölvur lesi texta, þýði hann vélrænt á önnur tungumál og skynji og tali tungumál. Hugbúnaður af þessu tagi hefur verið þróaður fyrir enskt málsamfélag en öflugt átak þarf til að íslenskan verði með í þessari þróun.

Íslensk stjórnvöld telja brýnt að styrkja stöðu íslenskunnar í upplýsingasamfélaginu og hefur menntamálaráðuneytinu verið falið að vinna að framgangi tungutækni hér á landi. Verkefnisstjórn á vegum menntamálaráðuneytisins hefur umsjón með framkvæmd áætlunar um tungutækni. Stofnaður hefur verið tungutækniþjóður sem veitir styrki til verkefna sem eru til þess fallin að tryggja stöðu íslenskrar tungu í upplýsingatækni og þróa nauðsynleg verkfæri í tungutækni hér á landi.



Skapaður verður grundvöllur fyrir notkun íslenskunnar í samskiptum manna við tölvur og fjarskiptatæki í framtíðinni og stuðlað að uppbyggingu tungutækniðnaðar á Íslandi.

Verkefnisstjórn um tungutækni mun hafa umsjón með uppbyggingu gagnagrunna um íslenskt talmál og ritmál sem nýtast við þróun tungutækni fyrir íslensku og verða öllum aðgengilegir. Einnig verður stutt við einstök verkefni fyrirtækja. Verkefnisstjórnin mun beita sér fyrir því að virkja íslenska aðila til verkefna á þessu sviði og stuðla að samstarfi fyrirtækja, einstaklinga og stofnana. Markmiðið er að leggja grunn að öfluglu þróunarstarfi sem verði grundvöllur fyrir virkri tungutækni-starfsemi hér á landi.

Alþjóðlegt samstarf er mikilvægt fyrir framgang tungutækni hér á Íslandi. Stjórnvöld munu beita sér fyrir aukinni þátttöku Íslendinga í erlendum samstarfsverkefnum og veita styrki til þess.





www.tungutaekni.is

Vefur menntamálaráðuneytisins um tungutækni veitir upplýsingar um stöðu tungutækni á Íslandi. Þar er að finna upplýsingar um þau verk-efni sem unnið er að og miða að því að íslenska verði áfram lifandi tungumál í upplýsinga- og þekkingarsamfélagi 21. aldarinnar. Hægt er að senda ábendingar og fyrirspurnir á netfangið: [postur@tungutaekni.is](mailto:postur@tungutaekni.is)



HVAÐ ER TUNGUTÆKNI?




## Hvað er tungutækni?

Tungutækni snýst um að gera fólki kleift að hafa samskipti við vélar með því að nota venjulegt tungumál. Hún vinnur að því að tölvan þekki talað og ritað mál, geti talað við fólk og þýtt yfir á önnur tungumál. Í þekkingarþjófélagi framtíðarinnar verður hægt að nálgast upplýsingar og þjónustu með því að tala við tölvur og tæki. Tungutækni mun liggja til grundvallar þeim samskiptum sem menn hafa við hin margvíslegu tæki í umhverfi sínu, eins og heimilistæki, skrifstofutæki, símann, bílinn, leikföng o.s.frv. Þá skiptir höfuðmáli að slík samskipti geti farið fram á íslensku.

Tungutækni byggist á málvísindum, tölvutækni og tölvuverkfræði. Hún styðst einnig við sálfræði, skynjunarfræði og hljóðfræði, eins og hvernig fólk skilur tal og myndar hljóð og orð. Að auki nýtir tungutækni gervigreind, t.d. þegar greint er á milli orðalags með mismunandi merkingu. Háskóli Íslands hefur skipulagt framhaldsnám í tungutækni með þverfaglegum áherslum þar sem stuðst er við þekkingu í íslensku og tölvunarfræði. Þar verður enn fremur unnið að rannsókn-um í tungutækni.





A black and white photograph showing a close-up of a person's hands on a steering wheel. The person is wearing a dark jacket. The steering wheel has a textured grip. In the center of the image, there is a white rectangular text box with a thin yellow border. The text inside the box is in Icelandic and discusses the future of the Icelandic language.

Tungutækni hefur ekki náð mikilli fótfestu hér á landi en margir þekkja tölvuorðabækur, forrit sem leiðréttu stafsetningu og talgervla. Slíkur hugbúnaður er til á íslensku í einfaldri útgáfu og er ljóst að til þess að íslenskan verði lifandi tungumál í heimi tækninnar þarf að vinna mikið starf á næstu árum.



w w w . t u n g u t a e k n i . i s



[postur@tungutaekni.is](mailto:postur@tungutaekni.is)

Menntamálaráðuneytið: smárit 10  
Apríl 2002

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið  
Sólvólsgötu 4, 150 Reykjavík  
Sími: 560 9500 • Bréfasími: 562 3068  
Netfang: [postur@mrn.stjr.is](mailto:postur@mrn.stjr.is)  
Veffang: [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)  
© 2002 Menntamálaráðuneytið

ISBN 9979-882-72-7



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ